

VALITOR hf, kt. 500683 - 0589, Laugavegi 77, 101 Reykjavík (hér eftir nefnt VALITOR) og ofangreint fyrirtæki hafa ákveðið að undirrita svofelldan samning um tíðari útborganir á kreditkortaveltu.

1. gr.

VALITOR mun frá og með gildistöku samnings þessa, sem telst vera viðauki við samstarfssamning aðila, greiða söluaðila innan úttektar- og uppgjörstímabils andvirði úttekta hjá honum sem greitt er fyrir með VISA kreditkortum.

Söluaðili hefur valið að fá andvirði úttekta greitt skv. ofangreindum dagsetningum. Greiðslur eru lagðar inn á ráðstöfunarreikning söluaðila, sbr. samstarfssamning hans við félagið.

2. gr.

Söluaðili samþykkir að VALITOR sendi honum upplýsingar um greiðslur á ráðstöfunarreikning í tölvupósti á það netfang sem skráð er í söluaðilakerfi félagsins. Telst slík upplýsingagjöf fullnægjandi tilkynning til söluaðila um greiðslu. Verði breytingar á netfangi söluaðila ber honum að tilkynna VALITOR þegar í stað um nýtt netfang.

3. gr.

Þóknun VALITOR vegna tíðari útborgana á andvirði úttekta hjá söluaðila er ákveðin í gjaldskrá félagsins sem viðbótarálag og leggst ofan á umsamið þjónustugjald samkvæmt samstarfssamningi. Viðbótarálag og þjónustugjald, svo og öll önnur gjöld, endurgreiðslur, leiðréttingar og kostnað, sem VALITOR er heimilt að draga frá greiðslu úttekta samkvæmt samstarfssamningi koma til frádráttar hverri greiðslu sem innt er af hendi samkvæmt samningi þessum.

4. gr.

Gildistími samnings þessa er að lágmarki eitt úttektar- og uppgjörstímabil. Vilji söluaðili segja samningnum upp skal hann tilkynna það til VALITOR með sannanlegum hætti. Uppsögn tekur gildi miðað við upphaf næsta úttektar- og uppgjörstímabils hjá söluaðila nema VALITOR samþykki skemmri uppsagnarfrest. Óski söluaðili að samningurinn öðlist gildi á nýjan leik tekur hann gildi frá upphafi næsta úttektar- og uppgjörstímabils enda hafi VALITOR samþykkt endurnýjun samnings.

5. gr.

VALITOR áskilur sér rétt til að segja samningnum upp með 7 daga fyrirvara telji félagið fjárhags- eða rekstrarstöðu söluaðila ófullnægjandi. Söluaðila skal tilkynnt um uppsögnina með sannanlegum hætti.

6. gr Samningur þessi tekur gildi við undirritun aðila. Að öðru leyti gilda um hann ákvæði samstarfssamnings VALITOR við söluaðila og almennir og sérstakir viðskiptaskilmálar eftir því sem við á.

Undir samning þennan rita fulltrúi VALITOR og prókúruhafi söluaðila.